

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/1377
komudagur 20.3.2009

Reykjavík 20. mars 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, 385. mál.

Óskað hefur verið eftir því að Sjómannasamband Íslands gefi umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaganna, 385. mál. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru í því fjórar greinar sem fjalla um aðgreind atriði sem eru án innbyrðis tengsla. Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um atriði sem snertir Sjómannasamband Íslands beint og því um einingu að ræða meðal aðildarfélaganna sambandsins um það atriði. Um önnur atriði frumvarpsins geta verið mismunandi skoðanir meðal aðildarfélaganna sambandsins og verður að horfa á umsögnina í því ljósi.

Um 1. gr. frumvarpsins:

Sjómannasamband Íslands telur löngu tímabært að sett séu í stjórnarskrá skýr ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum landsins og nýtingu þeirra. Sú náttúruauðlind sem sérstaklega snýr að Sjómannasambandi Íslands í þessu sambandi eru fiskistofnarnir. Þó svo að í 1. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, segi með skýrum hætti að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar hafa margir óttast að einkaeignarréttur stofnaðist á þessari auðlind fyrir hefð. Með frumvarpinu er því komið í veg fyrir að fiskistofnarnir og aðrar auðlindir sem nú eru í þjóðareign verði fyrir slysi að einkaeign. Þó svo að 1. grein frumvarpsins verði að lögum lítur Sjómannasamband Íslands ekki svo á að það eitt og sér kalli á breytingar á lögnum um stjórn fiskveiða.

Um 2. og 3. grein frumvarpsins:


Sjómannasamband Íslands styður þær breytingar á stjórnarskránni sem felast í þessum greinum frumvarpsins.

Um 4. gr. frumvarpsins:

Sjómannasamband Íslands hefur miklar efasemdir um skipun stjórnlagabings samkvæmt þessari grein til að smíða nýja stjórnarskrá.

Samkvæmt framansögðu styður Sjómannasamband Íslands 1. – 3. grein frumvarpsins, en hefur efasemdir um að 4. greinin skili tilætluðum árangri.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson